



LÖG ÍSÍ UM LYFJAMÁL

Grein 19: Upplýsingar og tilkynningar

19.1 Upplýsingar

Allir aðilar sem leggja fram upplýsingar, gögn eða læknisfræðilegar upplýsingar í samræmi við þessi lög, teljast hafa samþykkt að slíkar upplýsingar megi nota af viðkomandi stofnun eða aðila við framkvæmd þessara laga.

19.2 Tilkynningar

19.2.1 Allar tilkynningar sem vísað er til í lögnum falla undir gildissvið ákvæða greinar 19.2.

19.2.2 Allir íþróttamenn í skráðum lyfjaprófunarhópi ÍSÍ skulu upplýsa Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ um aðsetur sem senda má tilkynningar til og ef breyting verður á aðsetri er það á ábyrgð íþróttamannsins að upplýsa Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ um það.

19.2.3 Tilkynningu til íþróttamanns í skráðum lyfjaprófunarhópi ÍSÍ skal koma með ábyrgðarbréfi til skráðs dvalarstaðar íþróttamannsins. Slík tilkynning telst móttakin fimm virkum dögum eftir póstlagningu.

19.2.4 Tilkynningu til annarra íþróttamanna eða aðila skal komið með ábyrgðarpósti til skráðs dvalarstaðar íþróttamannsins eða aðila. Slík tilkynning telst móttakin fimm virkum dögum eftir póstlagningu.

19.2.5 Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ má að undangengnu samkomulagi við móttakanda nota aðrar leiðir en ábyrgðarpóst fyrir tilkynningar, svo sem símbref, tölvupóst og síma.